

**281. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar
haldinn í fjarfundi
mánudaginn 7. febrúar 2022 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Hjördís Hanna Hjörleifsdóttir, varaformaður, D lista,
Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir, aðalmaður, D lista,
Helgi Jóhannsson, aðalmaður, H lista,
Nanna Árnadóttir, formaður I lista,
Ægir Bergsson, aðalmaður, I lista,
Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar,
Hafey Pétursdóttir, tæknifulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafey Pétursdóttir, tæknifulltrúi.

Fyrir var tekið:

1. Breyting á deiliskipulagi - Leirutangi - 2202016

Lögð fram fyrirspurn frá Össuri Willardssyni, dagsett 4. febrúar 2022, um mögulega lóð á Leirutanga fyrir byggingu á iðnaðarhúsi.

Niðurstaða

Nefndin felur tæknideild að fara yfir hvar lausar lóðir fyrir atvinnuhúsnæði eru á Siglufirði.

2. Umsókn um stöðuleyfi - Óskarsbryggju - 2201019

Lögð fram umsókn dags. 10. janúar 2022 þar sem Jón Kort Ólafsson sækir um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám á Óskarsbryggju fyrir t.a.m. grásleppuúthald.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

3. Stofnun lóðar úr landi Burstabrekku - 2202005

Lögð fram umsókn, dagsett 12. desember 2021, þar sem Elís Hólm Þórðarson, f.h. Haforku ehf, sækir um að stofna lóð úr landi Burstabrekku, Ólafsfirði.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

4. Siglunes 2 - Lóðarleigusamningur - 2008003

Lögð fram beiðni til nefndarinnar, frá skiptastjóra dánarbús Stefáns Einarssonar, að samþykkja uppdrátt fyrir Siglunes 2, land.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

5. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - Hávegur 16 - 2112060

Lögð fram umsókn, dags. 29. desember 2021, þar sem Guðrún Linda Þorvaldsdóttir sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Háveg 16, Siglufirði. Jafnframt er sótt um stækkun lóðar að aðliggjandi lóðarmörkum við Háveg 14b.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

6. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - Suðurgata 50 - 2201028

Lögð fram umsókn, dags. 13. janúar 2022, þar sem Guðrún Sif Guðbrandsdóttir sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Suðurgötu 50, Siglufirði.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

7. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - Hólavegur 79 - 2201033

Lögð fram umsókn, dags. 17. janúar 2022, þar sem Jón Kort Ólafsson sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Hólaveg 79, Siglufirði.

Niðurstaða

Erindi samþykkt.

8. Sorphirða í Fjallabyggð 2022 - Sorphirðudagatal - 2112057

Lögð fram tilliga að breyttu sorphirðudagatali fyrir árið 2022 hjá Fjallabyggð.

Niðurstaða

Nefndin samþykkir framlagt sorphirðudagatal.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:10.

Hjördís Hanna Hjörleifsdóttir

Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir

Helgi Jóhannsson

Nanna Árnadóttir

Ægir Bergsson

Hafey Pétursdóttir